Kennari:	Helga Ragnheiður Jósepsdóttir	**Sk.st.**	HRJ

E-mail:	helgajoseps@vma.is	**Gsm**	8621525

Áfangalýsing:

Í áfanganum fá nemendur að kynnast grunninum á hinum ýmsu hliðum vöruhönnunar. Farið verður í hvernig hugmyndavinna er unnin út frá ólíkum útgangspunktum, efni, orði, framleiðsluaðferð o.s.frv. Farið verður yfir ýmsar mismunandi framleiðsluaðferðir og efnisval. Vinnan fer aðallega fram verklega, á módelverkstæði og öðrum verkstæðum skólans eftir þörfum hvers verkefnis. Farið verður í mismunandi smíði á módelum, mock-up og prototýpum. Hönnun á umbúðum fyrir vörur verða teknar fyrir og einnig grafíska framsetningu tengda umbúðum og ýmiskonar kynningarefni, leturgerðir og mikilvægi þeirra. Við munum skoða iðnað sem er í gangi í Eyjafirðinum, sjá hvað er í boði af framleiðsluaðferðum á svæðinu og fara í heimsóknir ef tækifæri gefst til.

Í áfanganum munu nemendurnir hanna nokkrar vörur, sem við munum fara með mislangt fram í ferlið, styttri og lengri verkefni.

Verkstæði Listnámsdeildar, Trésmíðadeildar og Málmsmíðadeildar munu verða notuð að einhverju leyti, eftir þörfum, í áfanganum.

Markmið: Að nemandinn:

- Kynnist sem flestum hliðum vöruhönnunar frá hugmynd, í gegnum vinnuferlið, að framleiddri vöru.
- Læri grunnforsendur fyrir efnisvali og framleiðsluaðferð á sinni hönnun.
- Fái smjörþefinn af verklegri reynslu í smíði á þeirra eigin afurðum.
- Vinni með hin ýmsu efni: timbur, málma, plast, ull, leður og fleiri.
- Læri nokkrar aðferðir við að koma hugmyndunum sínum í áþreifanlegt efni, eftir hráefni / stærð / virkni / áferð.
- Þjálfist í að kynna sín eigin verkefni og færa rök fyrir sínum ákvörðunum.
- Sjái hversu mikilvægar réttar og góðar umbúðir og kynningarefni eru fyrir vörur á markaði.

Námsgögn:

Sköpunargáfa nemendanna í bland við tækni og aðferðir sem sýndar verða og kenndar í tímum.

Áætlun um yfirferð: / Skipulag og verkefni annarinnar:

Áfanginn verður kenndur 3svar í viku, í eitt skiptið munum við hittast í 2 kennslustundir í einu, og í hin tvö skiptin, í 3 kennslustundir hvort skiptið. Hver nemandi er aðeins skildugur til að mæta í 6 kennslustundir á viku. Kennslan verður í formi fyrirlestra, mynd og videosýninga, verkefni sett fyrir, þau útskýrð og rædd. Auk þess verða sumar kennslustundirnar verklegar, þar sem við smíðum módel af þeim vörum sem hannaðar hafa verið, tilraunir gerðar og þess háttar.

Í byrjun annar munum við fara í ýmis styttri verkefni,(klukkstunda, dags, viku og tveggja-þriggja vikna verkefni), sem við tökum mislangt áfram. Í lok annar gerir hver nemandi stærra verkefni, sitt lokaverkefni í áfanganum, sem endar með prótótypu með viðeigandi kynningarefni, framsettri á lítilli sýningu.

Farið verður fram á að þið vinnið heima í ykkar verkefnum á milli tíma, þróið þau áfram.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próflaus áfangi, öll verkefni og ástundun eru metin.

Ástundun – Afköst - Vandvirkni 20%

Frumkvæði – Leitandi hugsun - Jákvæðni 20%

Minni verkefni 20% (hugmynd, útfærsla)

Lokaverkefni 40% (hugmynd, útfærsla, framsetning)

Innkaup: Skissubók í stærri kantinum (ca. A4, fást oft fínar í Tiger) Betra að hafa það fleiri blaðsíður, og ódýrari bók, svo að þið tímið blaðsíðunum í allskonar pælingar.

Mögulega verður þörf á að þið kaupið eða komði með að heiman ýmiskonar verkfæri og hráefni, allt eftir því hvernig ykkar eigin verkefni þróast, þó að líklega sé mest allt til nú þegar einhversstaðar innan veggja skólans.

Dagsetning:

Undirritun kennara **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**